

## Upplýsingar fyrir svarendur

Vinnustaður þinn hefur verið valinn til að taka þátt í alþjóðlegri rannsókn á heilbrigðis- og öryggismálum á vinnustöðum og hvernig þeim er stjórnað í reynd. Rannsóknin er gerð samtímis í 33 löndum í Evrópu og mun aðstoða við að finna út að hve miklu leyti fólk í mismunandi löndum, sem ber ábyrgð á öryggis- og heilbrigðismálum á vinnustöðum, deilir sömu skoðunum og venjum.

Spurningalistinn nær yfir mismunandi málefni og ekki er þörf fyrir sérfræðipækkingu til þess að svara spurningunum. Flestum þeim sem taka þátt í rannsókninni finnst það áhugaverð og ánægjuleg reynsla og við vonum að sú verði einnig raunin fyrir þig. Lengd viðtala er venjulega um 20 til 25 mínútur og við vonum svo sannarlega að við getum treyst á samvinnu þína.

### **Um Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA)**

Vinnuverndarstofnun Evrópu var stofnuð árið 1996 sem sú opinbera stofnun í Evrópu sem ber ábyrgð á upplýsingum um öryggis- og heilbrigðismál á vinnustað.

[Lesu meira um stofnunina](#)

### **Um könnunina**

Könnunin miðar að því að aðstoða vinnustaði í Evrópu við að stjórna heilbrigðis- og öryggismálum á árangursríkari hátt og stuðla að heilbrigði og velferð starfsmanna.

Spyrjandinn spyr um það fyrirkomulag sem til staðar er til að stjórna öryggis- og heilbrigðismálum, hver eru talin vera mikilvægustu málefni og hvort málefni á borð við streitu sé meðal þeirra. Spurningalistinn kannar einnig hvernig stjórnun heilbrigðis- og öryggismála er háttað, hvaða stuðningur eða ráðgjöf er til staðar og hvort einhver veruleg vandamál séu til staðar.

Stefnumótandi aðilar á innlendum og evrópskum vettvangi munu nýta upplýsingarnar til þess að móta betri stefnu og styðja betur við fyrirtæki til þess að gera vinnustaði öruggari, heilbrigðari og afkastameiri.

Með því að taka þátt í könnunni munt þú veita gagnlegar upplýsingar um stöðu þína, þarfir og væntingar sem munu stuðla að því að bæta aðstæður á vinnustöðum um alla Evrópu og víðar.

### **Trúnaður**

Allar upplýsingar verða meðhöndlaðar af fullkomnum trúnaði og niðurstöðurnar verða kynntar á samantekinn hátt svo að nafnleynd svarenda er tryggð.

Kantar, fyrirtækið sem ber ábyrgð á að framkvæma könnunina, er aðili að [ESOMAR](#) og er bundið af alþjóðareglum þess um markaðs- og félagsrannsóknir. Vinnuverndarstofnun Evrópu fellur undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1725 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Evrópubandalagsins hafa unnið.

Ef þú hefur einhverjar áhyggjur af trúnaði um svör þín eða hvernig nafnleynd er tryggð í reynd, þá vinsamlegast hafðu samband við okkur á [esener@osha.europa.eu](mailto:esener@osha.europa.eu).

### **Hver annast viðtölin?**

Þær innlendu stofnanir sem annast viðtölin eru öll tengd Kantar-neti framkvæmdastofnana. Spyrjendurnir eru þrautþjálfaðir og hafa mikla reynslu í framkvæmd kannana af þessu tagi.

[Sjá lista yfir innlendar miðstöðvar](#)

### **Aðgengi að niðurstöðum**

Niðurstöður fyrri rannsókna (,ESENER-2) eru fáanlegar á vefsvæði okkar, [www.esener.eu](http://www.esener.eu). Þar munt þú einnig geta skoðað fyrstu niðurstöður nýrrar rannsókna í byrjun árs 2020. Nákvæm skýrsla verður birt um mitt ár 2020 og eftirfylgnirannsóknir verða gerðar á næstu árum þar á eftir. Allar skýrslur Vinnuverndarstofnunar Evrópu eru tiltækar til niðurrhals án endurgjalds.

[Skoða rit Vinnuverndarstofnunar Evrópu](#)

## **Stuðningur við könnunina**

Stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu samanstendur af fulltrúum frá stjórnvöldum, vinnuveitendum og stéttarfélögum og auk þess að gefa grænt ljós fyrir könnuninni, hefur stjórnin tekið þátt í mótun hennar.

Á evrópskum vettvangi er könnunin studd af:



[Sjá heildarlista yfir stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu](#)

## **Val á viðmælanda**

Vinnustaður þinn hefur verið valinn af handahófi úr fyrirtækjaskrá til að tryggja að við fáum marktæka mynd af hverju landi.

Það er mikilvægt fyrir rannsókn okkar að einstaklingurinn sem tekið er viðtal við viti með hvaða hætti heilbrigðis- og öryggismál eru meðhöndluð á vinnustað þeirra. Þú þarft ekki að vera sérfræðingur í heilbrigðis- og öryggismálum, en ættir helst að taka þátt í ákvörðunum um þær ráðstafanir sem gerðar eru á þessu sviði.

## **Hver greiðir fyrir könnunina?**

Vinnuverndarstofnun Evrópu fjármagnar könnunina að því er varðar hin 28 aðildarríki ESB af rekstraráætlun sinni auk Íslands og Noregs sem eiga aðild að EES (Evrópska efnahagssvæðinu); Sviss greiðir allan kostnað af þátttöku sinni, lýðveldið Makedónía og Serbía taka þátt með því að nota fé úr fjármögnunarleið við foraðildarstuðning (IPA fjármögnunarleiðin).

## **Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar um könnunina er að finna (aðeins á ensku) á [www.esener.eu](http://www.esener.eu)

## **Taka þátt**

Vinnuverndarstofnun Evrópu er alltaf á höttunum eftir raundæmum á vinnustöðum, sem hluti af annarri upplýsingamiðlun, til þess að undirstrika árangursríkar eða frumlegar aðferðir eða lausnir á atvinnutengdri öryggis- og heilbrigðisáhættu. Ef þú hefur hrint í framkvæmd áhugaverðri aðgerð og ert reiðubúin(n) til að deila henni í gegnum Vinnuverndarstofnun Evrópu, vinsamlegast hafðu samband við okkur í gegnum [esener@osha.europa.eu](mailto:esener@osha.europa.eu)

## **Endurgjöf**

Vinsamlegast sendið okkur athugasemdir og tillögur.